



Borgarráð

Reykjavík, 16. júní 2026

MSS26060097

Skipulagsmál í Norður- og Suður-Mjódd og á svæði Íþróttafélagsins ÍR

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að vinna að frekari deiliskipulagsvinnu í Norður- og Suður-Mjódd, þar með talið svæði Íþróttafélagsins ÍR, enda er brýn þörf fyrir að haldið verði heildstætt utan um skipulagsmál á svæðinu. Haft verði náið samráð við hagaðila á svæðinu. Þá verði umferðaflæði á svæðinu skoðað sérstaklega.

Greinargerð:

Skipulagsferli í Norður- og Suður-Mjódd hafa verið í brennidepli síðustu ár. Fyrir liggur að deiliskipulagsvinna á vegum Klasa á lóðunum Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakka 7 er í ferli. Þá hafa skipulagsmál í Suður-Mjódd verið áberandi í umræðunni vegna Álfabakka 2 sem og skipulagsvinna á vegum Klasa í Norður-Mjódd. Einnig var á síðasta kjörtímabili stýrihópur að störfum varðandi framtíðarskipulag Mjóddar. Að auki hefur Íþróttafélagið ÍR kallað eftir endurskoðun á skipulagi á íþróttasvæði félagsins.

Mikilvægt er að ná heildstætt utan um öll skipulagsmál á þessum svæðum með raunhæfum tillögum sem unnar eru á forsendum Breiðholtsins.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík